

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 6. desember 1994

um frekari þróun Handynet-kerfisins innan ramma þeirrar starfsemi sem nú fer fram í tengslum við fyrstu eininguna varðandi tæknileg hjálpartæki

(94/782/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Meginmarkmiðið með ákvörðun ráðsins 93/136/EBE frá 25. febrúar 1993 um þriðju aðgerðaáætlun bandalagsins um aðstoð við fatlaða (Önnur Helios-áætlunin 1993 til 1996) ⁽⁴⁾ er að stuðla að því að fatlað fólk njóti sömu tækifæra og þeir sem ekki eru fatlaðir og ýta undir blöndun þeirra. Eitt af almennu markmiðunum felst í því að mæta þörf fatlaðs fólks fyrir upplýsingar með tölvuvædda upplýsinga- og skráningarkerfinu Handynet sem byggist á innlendum gögnum sem síðan eru uppfærð og aðlöguð á evrópskum vettvangi.

Í tengslum við aðra Helios-áætlunina hefur framkvæmdastjórnin, í samræmi við ákvörðun 93/136/EBE, safnað, aðlagð miðað við evrópskar aðstæður, uppfært, skipst á og dreift upplýsingum um tæknileg hjálpartæki sem hefur verið safnað saman í aðildarráttjunum.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar 93/136/EBE skal ráðið endurskoða Handynet-kerfið fyrir 31. desember 1994 með hliðsjón af skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, þar sem meðal annars er lagt mat á fyrstu Handynet-eininguna sem tengist hjálpartækjum, og taka ákvörðun, að tillögu fram-

kvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, um skilyrði fyrir áframhaldandi starfrækslu Handynet-kerfisins eftir þann dag.

Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram skýrslu um framkvæmd Handynet-kerfisins. Starfrækja ber Handynet-kerfið áfram innan ramma þeirrar starfsemi sem nú fer fram í tengslum við fyrstu eininguna varðandi tæknileg hjálpartæki.

Í sáttmálanum er ekki gert ráð fyrir öðrum heimildum vegna samþykktar þessarar ákvörðunar en þeim sem um getur í 235. gr.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Starfrækslu tölvuvædda upplýsinga- og skráningarkerfisins Handynet, sem er hluti af annarri Helios-áætluninni, skal haldið áfram á tímabilinu frá 1. janúar 1995 til 31. desember 1996 innan ramma þeirrar starfsemi sem nú fer fram í tengslum við fyrstu eininguna varðandi tæknileg hjálpartæki.

2. gr.

Ákvörðun þessa skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 6. desember 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

N. BLÜM

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 222, 10. 8. 1994, bls. 19.

⁽²⁾ Álitum var skilað 7. desember 1994 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽³⁾ Álitum var skilað 23. nóvember 1994 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 56, 9. 3. 1993, bls. 30.